

Laun og þóknun til stjórnar og nefnda SSVN fylgi þingfararkaupi og ákvörðunum ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins um akstursgjald og dagpeninga:

- a) Laun formanns verði 6% af þingfararkaupi (nú 87.590 kr.)
- b) Laun annarra stjórnarmanna verði 3% af þingfararkaupi (nú 43.795 kr.)
- c) Laun fyrir stjórnarfund og aðra fundi stjórnar og nefnda/fagráða verði 2,5% af þingfararkaupi (nú 36.496 kr.)
- d) Laun formanna nefnda/fagráða verði 3% af þingfararkaupi fyrir hvern fund í viðkomandi nefnd (nú 43.795 kr.)
- e) Hálf fæði verði greitt fyrir hvern fund stjórnar, samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins (nú 7.950 kr.)
- f) Akstur verði greiddur samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins um akstursgjald (nú 141 kr./km)
- g) Annar ferðakostnaður vegna ferða á vegum SSVN verði greiddur samkvæmt reikningi

Greiðslur til úthlutunarnefndar og fagráða Uppbyggingarsjóðs verði sem hér segir:

1. Fagráð - yfirferð umsókna

- a) 1-20 umsóknir – greitt sem ein fundarseta
- b) 21-70 umsóknir – greitt sem tvær fundarsetur
- c) 71-100 umsóknir – greitt sem þrjár fundarsetur

2. Svar við beiðni um rökstuðning vegna höfnunar á styrkbeiðni

- a) 1-5 beiðnir – greitt sem ein fundarseta
- b) 6-10 beiðnir – greitt sem tvær fundarsetur

3. Önnur bréf vegna starfa á vegum Uppbyggingarsjóðs

- a) 1-5 bréf – greitt sem ein fundarseta
- b) 6-10 bréf – greitt sem tvær fundarsetur